



Fundur FFM haldinn 7. mars 2018 kl.18.30 í Myllubakkaskóli

Mættir eru: Hjörleifur Hannesson formaður, Karólína Óskarsdóttir meðstjórnandi, Katrín M. Aradóttir varamaður og Gunnhildur Þórðardóttir ritari sem ritar fundinn.

Dagskrá

Fundur settur kl. 18.40

1.Fundargerð síðast fundar til samþykktar. Fundargerð samþykkt.

2. Góðgleði 20 mars nk. Fyrst að þurfti að fresta þorrahátíð Myllu í febrúar vegna veikinda víkinganna þá verður stefnt á góðgleði með svipuðum hætti 20 mars nk.

3. 40 ára afmæli. Rætt um afmælishöldin og hvernig og hvað við ætlum að gera. Áætlað að safna fyrir leiktækjum á skólalóð Myllubakkaskóla . Rætt um að hafa köku og djús. Ísak bauðst til að hafa tívolítæki.

4. Bekkjartenglafundur. Hjörleifur ræddi um fyrirlesturinn í akademíunni sl. mánudag þarft málefni um forvarnir á unglíngastigi frá Rannsóknnum og greiningum. Rætt var um sextíng, vaping og ýmislegt. Hafa bekkjartenglafundi aftur með stigunum einn með unglíngastigi, annan með miðstigi osfrv. Og ræða um forvarnir er snúa að stigunum og með hvaða hætti slíkt ætti að fara fram.

5. Íþróttadagurinn. Íþróttadagurinn verður með svipuðum hætti í Myllubakkaskóla og mun foreldrafélagið bjóða upp á skemmtiatriði og veitingar.

6. Önnur mál. Hjörleifur og Gunnhildur munu fara í viðtal við Víkurfréttir vegna afmælis foreldrafélagsins og Hjörleifur hefur haft samband við fyrsta formann foreldrafélagsins til að fá hana með í viðtalið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.45